



UMHVERFISNEFND HRUNAMANNAHREPPS

15. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 - 2026 haldinn miðvikudaginn 18.mars 2026 kl. 16:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Halldóra Hjörleifsdóttir, formaður, Ragnheiður Georgsdóttir, Bjarni Arnar Hjaltason, Gunnþór Guðfinnsson og Aldís Hafsteinsdóttir.

DAGSKRÁ:

1. Verkefni 2026
2. Ruslamálaráðherra 2026
3. Umhverfisverðlaun/Umhverfishró 2026
4. Erindi frá íbúum.
5. Kynning á stjórnunar og verndaráætlun fyrir Kerlingarfjöll.

Formaður setti fund og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð.
Engar athugasemdir bárust.

1. Verkefni 2026.

Gunnþór fór yfir þau verkefni sem búið er að vinna að og liggur fyrir að farið verið í á næstunni.

Búið er að gera göngustíg frá Byggð á Bríkum í átt að miðbæ Flúða. Gert er ráð fyrir að tengja hann við göngustígakerfið við Smiðjustíg í sumar.

Það er verið að vinna í að girða af gámasvæðið og mun sú vinna halda áfram þegar frost fer úr jörðu.

Búið er að kaupa leiktæki fyrir lækjargarðinn verða sett upp þegar hægt verður í vor. Farið yfir verkefni tengt göngustígum og snyrtingu á umhverfinu sem eru á dagskrá.

Búið er að panta slátturóbóta sem munu sinna grænu svæðunum á Flúðum.

Nú er verið að vinna að því að bæta grenndarstöðina við Garðastíg og setja betri móttökuílát.

Búið er að leggja niður grenndarstöðina við Svanabyggð og stefnt er að því að loka í Ásabyggð þegar búið er að bæta grenndarstöðina við Garðastíg.

2. Ruslamálaráðherra 2026.

Samþykkt að skipa Veroniku Kopalová sem Ruslamálaráðherra 2026. Nefndin óskar eftir að sveitarstjóri tilkynni skipunina og upplýsi nýjan Ruslamálaráðherra um verkefni hans og ákveði dagsetningu á Rusladeskinum í samráði við skólastjóra.

Nefndin er sammála um að hafa brennu þetta kvöld og hún verði á brennustæðinu á tjaldsvæðinu og þar verði grillað fyrir þátttakendur. Samþykkt að hvetja frambjóðendur til að sjá um grillið þetta kvöld.

BAH

Alma

HA

Nefndin leggur til að Rusladagurinn verði auglýstur vel og íbúar hvattir til að hreinsa til í tilefni afmælisárs Hrunamannahrepps. Nefndin leggur til að áhaldahús aðstoði fólk við að losna við rusl og brotajárn til dæmis með því að hafa gáma aðgengilega á völdum stöðum.

3. Umhverfisverðlaun/Umhverfishrós 2026.

Árlega eru veitt umhverfisverðlaun og umhverfishrós við hátíðarhöldin á þjóðhátíðardaginn. Samþykkt að óska eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna og umhverfishróss.

4. Erindi frá íbúum:

Hraðakstur í Smiðjustígnum.

Samþykkt að þrengja hraðahindrunina sem er nú þegar í götunni og jafnframt að setja "krippur" í götuna til að hægja á umferð. Gunnþóri falið að vinna málið áfram.

Nefndin leggur til að enginn akstur verði leyfður frá Smiðjustíg að fyrirtækjum í Sneiðinni.

Lagfæringar á Smiðjustíg eftir framkvæmdir.

Gunnþóri falið að hafa samband við Rarik að lagfæra götuna eftir framkvæmdir á þeirra vegum.

Ósk um að fyrirtæki í Sneiðinni girði lóðir sínar.

Nefndin hvetur atvinnurekendur í Sneiðinni og við Smiðjustíg til að taka til á lóðum sínum og girða sig af svo nágrannar við Smiðjustíg hafi minni ama af lausamunum og ástandi lóða en nú er.

5. Kynning á stjórnunar-og verndaráætlun fyrir Kerlingarfjöll.

Búið er að boða nefndarfólk á kynningu sem haldin verður á morgun fimmtudag kl.13 á Teams.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18:10

Fundarritari: Halldóra Hjörleifsdóttir

Halldóra Hjörleifsdóttir
Ragnheiður Georgsd.
Bjarni Arnar Halldason
Guðrún C. Guðmund
Alfríður Þorvaldsson